

FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 128. fundur í Kjarna fimmtudaginn 27. júní 2013 kl. 13:00

Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Samþykkt um stjórn Þingeyjarsveitar – fyrri umræða:
3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 19.06.2013:
4. Erindi frá stjórn Félags sumarhúsaeigenda í Lundsskógi:
5. Aðalfundarboð Greiðrar leiðar ehf.:
6. Fjárhagsstaða – yfirlit:

Til kynningar:

- a. Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Þingeyinga ehf. frá 03.05.2013:
- b. Fundargerð aðalfundar Sorpsamlags Þingeyinga ehf. frá 05.06.2013:
- c. Bréf til sveitarstjórna frá Saman hópnum:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Arnór Benónýsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Margrét Bjarnadóttir, Erlingur Teitsson í forföllum Ásvaldar Ævars Þormóðssonar, Árni Pétur Hilmarsson og Ásta Svavarsdóttir auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

1.Fundarsetning:

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að bæta á dagskrá til kynningar; fundargerð 153. fundar HNE og kynningarbréfi, Gjástykki, fyrirhuguð friðlýsing skv. rammaáætlun. Samþykkt samhljóða.

2.Samþykkt um stjórn Þingeyjarsveitar – fyrri umræða:

Lögð fram drög að samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Þingeyjarsveitar til fyrri umræðu. Farið yfir drögin og gerðar smávægilegar athugasemdir og lagðar fram tillögur.

Sveitarstjórn vísar samþykktinni til síðari umræðu.

3.Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 19.06.2013:

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 19. júní s.l. Árni Pétur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í tveimur liðum.

1. liður; Þeistareykjavirkjun. Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna framhaldsframkvæmda við veg yfir Tjarnarás á Þeistareykjum.

Sveitarstjórn samþykkir umsóknina og felur skipulags-og byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

4.Erindi frá stjórn Félags sumarhúsaeigenda í Lundsskógi:

Tekið fyrir erindi frá stjórn Félags sumarhúsaeigenda í Lundsskógi dags. 7. júlí s.l. Þar er óskað eftir því að sveitarfélagið, Vegagerðin, landeigandi, Golfklúbburinn Lundur ásamt félaginu komi að gerð varanlegs vegar, með bundnu slitlagi frá gatnamótum við Mörk upp á hæð við gatnamótin niður í Höfðabyggð. Óskað er

eftir frumkvæði sveitarstjórnar um að kalla aðila saman til að koma að þessu verkefni.

Fyrir liggur erindi hjá Vegagerðinni þar sem sveitarfélagið óskaði eftir því að hluti umrædds vegar yrði tekinn í tölu héraðsvega. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu erindis Félags sumarhúsaeigenda í Lundsskógi þar til svar hefur borist frá Vegagerðinni.

5.Aðalfundarboð Greiðrar leiðar ehf.:

Lagt fram aðalfundarboð Greiðrar leiðar ehf. sem haldinn verður 28. júní n.k.

Samþykkt að Margrét Bjarnadóttir fari með umboð Þingeyjarsveitar á fundinum.

6.Fjárhagsstaða – yfirlit:

Lagt fram yfirlit um fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Fjármálastjóri mætti til fundarins og gerði grein fyrir fjárhagsstöðu eftir fyrstu fjóra mánuði ársins.

Til kynningar:

- a. Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Þingeyinga ehf. frá 03.05.2013:
- b. Fundargerð aðalfundar Sorpsamlags Þingeyinga ehf. frá 05.06.2013:
- c. Bréf til sveitarstjórna frá Saman hópnum:
- d. Fundargerð 153. fundar HNE:
- e. Kynningarbréf, Gjástykki, fyrirhuguð friðlýsing skv. rammaáætlun:

Ólína Arnkelsdóttir
Margrét Bjarnadóttir
Friðrika Sigurgeirsdóttir
Árni Pétur Hilmarsson

Fleira ekki gert og fundi slitið 16:35
Arnór Benónýsson
Erlingur Teitsson
Ásta Svavarsdóttir

Velkomin á Sumartónleika við Mývatn!

Tónleikar í Reykjahlíðarkirkju laugardaginn 6. júlí kl. 21.00.

Flytjendur:

Kjartan Óskarsson, bassethorn, Hrefna Eggertsdóttir, píanó og Margrét Bóasdóttir, sópran.

Á efnisskrá eru verk eftir þekkt tónskáld s.s. Johann Sebastian Bach og Ludvig van Beethoven auk verka frá barokktímanum eftir lítt þekkt tónskáld. Verkin eru öll umrituð fyrir bassethorn, en þetta hljóðfæri heyrir sjaldan sem sólóhljóðfæri nú á dögum en var afar vinsælt fyrr á öldum. Einnig verða frumflutt 6 intermezzi, "Ósagðar sögur", fyrir bassethorn og píanó, eftir Ólaf Axelsson.

Aðgangur er ókeypis en frjáls framlög til styrktar tónleikaröðinni eru vel þegin.

27. starfsár. Listrænn stjórnandi: Margrét Bóasdóttir




Kaffihúsið Uglan

Gamla barnaskólanum
Skógum Fnjóskadal
Opið alla daga frá 11:00 – 18:00

Sólveig frá Sólvangi
verður með sölusýningu
á vatnslitamyndum
frá 4. – 16. júlí

*verið velkomin í notalegt hús
í fallegu umhverfi*



Sundlaug og grill kl. 11:00 - 22:00

Afgreiðslan opin til 24:00
Sundlaug - tjaldstæði – gisting
Veiðileyfi í Langavatn og Kringluvatn
Fjölbreyttar veitingar
sími 464 3903
www.heidarbaer.is

26.tbl.
4. júlí
2013
20. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s: 4643366 / gsm: 8953386



Laugardaginn 6. júlí

Markaðsdagur á Fosshóli.

Hefst kl. 11:00

Tískusýning, spákona, spunnið á rokk, nuddstóll,
flatbrauðsgerð, og ýmis varningur til sölu, og margt, margt
fleira. Lummur handa öllum
Allir hjartanlega velkomnir.

Handverkskonur milli heiða

Hvað með Ljósvefningabúð?

Spjallfundur í Ljósvefningabúð mánudagskvöldið

8. júlí kl. 20:30.

Hver er framtíð félagsheimilisins?

Fulltrúar frá Kiðagili og Bárðarborg

koma og miðla af reynslu sinni.

Öll sjónarmið og allar góðar hugmyndir

velkomnar.

Ásta á Hálsi og Óli í Hlíð.

